

**Ed.**

## **640. Frumvarp til laga**

um þjóðargrafreit á Þingvöllum.

Flm.: Jónas Jónsson, Haraldur Guðmundsson.

### **1. gr.**

Ríkið heldur við og verndar sérstaklega grafreit á Þingvöllum fyrir íslenzka afburðamenn, konur og karla.

### **2. gr.**

Engan má jarðsetja í þjóðargrafreitinn, nema liðin séu 25 ár frá andláti hans og a. m. k. 5 ár frá því að síðast var jarðsett i grafreitnum.

### **3. gr.**

Tilmæli um, að maður verði jarðsettur í þjóðargrafreitnum, skulu fyrst borin fram við ríkisstjórn, sem leitar álits Þingvallaneftnar um þau. Ef nefndin mælir með tilmælunum eða ríkisstjórnin ákveður að styðja þau, skal tillaga þess efnis send forseta sameinaðs Alþingis ásamt skriflegri greinargerð. Forseti leggur tillöguna undir úrskurð Alþingis án umræðu. Heimild Alþingis er veitt, ef  $\frac{3}{4}$  hlutar þingmanna eða fleiri eru á fundi og  $\frac{3}{4}$  þeirra samþykkja tillöguna.

### **4. gr.**

Þingvallaneftnd sér um framkvæmd greftrana í þjóðargrafreitnum, en ríkisstjóður greiðir kostnaðinn.

### **5. gr.**

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1947.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Ríkisstjórnin skal gera ráðstafanir til þess, að leifar Jónasar Hallgrímssonar verði fluttar til Íslands og jarðsettar í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum þegar á þessu ári.

### **Greinargerð.**

Fyrir nokkrum árum létt ríkisstjórnin í samráði við Þingvallaneftnd gera sérstakan grafreit á Þingvöllum, er ætlaður var sem legstaður íslenzkra afburðamanna. Var skáldið Einar Benediktsson jarðsettur þar fyrstur, árið 1940.

Engar reglur hafa til þessa verið settar um, hversu haga skuli ákvörðunum um, hverjir þar skuli jarðsettir.

Þingvallaneftnd telur eðlilegt, að um það verði settar ákveðnar reglur með lögum, og flytja því þeir nefndarmenn, sem sæti eiga í efri deild, frumvarp þetta.

Nánar í framsögu.